

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 12. febrúar 2021 í máli nr. 66/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 1. júlí 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að bifreið sem hann keypti frá Bandaríkjunum, í gegnum varnaraðila, hafi verið haldin galla. Sóknaraðili krefst skaðabóta að fjárhæð 500.000 krónur vegna rangra upplýsinga sem hann telur varnaraðila hafa veitt um bifreiðina. Sóknaraðili krefst einnig greiðslu að fjárhæð 60.000 krónur þar sem ferðahleðslukapall var ekki afhentur með bifreiðinni. Þá telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki veitt fullnægjandi upplýsingar fyrirfram um að sóknaraðila bæri að greiða fyrir vottorð vegna flutnings bifreiðarinnar til Evrópu og telur að efni vottorðsins sé rangt. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu fyrir vottorðið frá varnaraðila að fjárhæð 60.000 krónur. Krafa sóknaraðila er samtals að fjárhæð 620.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 4. ágúst 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 14. september 2020. Þann 15. september 2020 bárust athugasemdir sóknaraðila við andsvör varnaraðila. Frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila þann 16. september 2020.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, samningur milli sóknaraðila og varnaraðila um þjónustu varnaraðila vegna kaupa á og innflutning á bifreið frá Bandaríkjunum, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, afrit af bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, afrit af bréfi varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, tæknivottorð bifreiðarinnar, skjáskot af heimasíðu varnaraðila með upplýsingum um tækniskýrslu, afrit af upplýsingaskjali með kaupsamningi og upptaka af tveimur símtölum milli sóknaraðila og starfsmanns varnaraðila.

Með bréfi, dags. 12. október 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á bifreið, af gerðinni Mitsubishi Outlander, árgerð 2018, ekin um 50.000 km., frá Bandaríkjunum í gegnum varnaraðila þann 4. nóvember 2019. Sóknaraðili greiddi varnaraðila 25.000 krónur fyrir aðstoð við að finna bifreið til að festa kaup á í Bandaríkjunum. Málsaðilar sömdu einnig um að varnaraðili tæki að sér að flytja inn

bifreiðina fyrir sóknaraðila. Kaupverð bifreiðarinnar var 3.690.000 krónur en með öllum gjöldum greiddi sóknaraðili alls 3.911.645 krónur. Greiðslan var innt af hendi af hálfu sóknaraðila inn á reikning í eigu varnaraðila.

Við afhendingu bifreiðarinnar þann 4. janúar árið 2020 kveðst sóknaraðili hafa orðið var við annmarka á bifreiðinni sem hann tilkynnti til varnaraðila degi síðar. Annmarkarnir fólust einna helst í því að mati sóknaraðila að ferðahleðslukapall fylgdi ekki bifreiðinni. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi einnig veitt honum rangar upplýsingar um bifreiðina við kaupin, þess efnis að bifreiðin væri með sóllúgu sem hafi svo ekki verið raunin. Þá telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki veitt fullnægjandi upplýsingar við kaupin um þörf á tæknivottorði fyrir bifreiðina, vegna flutnings hennar frá Bandaríkjunum til Evrópu.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að í handbók bifreiðarinnar komi fram að ferðahleðslukapall eigi að fylgja, svo hægt sé að hlaða bifreiðina með venjulegum 16 ampera tengli. Slíkur kapall fylgir öllum sambærilegum bifreiðum við sölu þeirra hér á landi að sögn sóknaraðila. Kveðst sóknaraðili hafa fengið þær upplýsingar frá starfsmanni varnaraðila fyrir kaupin að kostnaður við að aðlaga ferðahleðslukapal að íslenskum aðstæðum sé um 15.000 krónur. Varnaraðili hafi hins vegar fargað ferðakaplinum sem fylgdi með bifreiðinni, án samráðs við sóknaraðila, með vísan til þess að ekki væri heimilt að afhenda og nota hann hér á landi. Varnaraðili hefur ekki orðið við kröfu sóknaraðila um afhendingu ferðahleðslukapals og krefst sóknaraðili því greiðslu að fjárhæð 60.000 krónur.

Sóknaraðili segir að honum hafi verið veittar þær upplýsingar símleiðis, af starfsmanni varnaraðila, að sóllúga væri á bifreiðinni en við afhendingu hafi komið í ljós að svo var ekki. Krefst sóknaraðili þess að kaupverð bifreiðarinnar verði lækkað um 500.000 krónur af þeim sökum, sem svarar að sögn sóknaraðila til verðmunarins milli sambærilegra bifreiða með sóllúgu og svo án sóllúgu.

Sóknaraðili bendir einnig á að hann hafi þurft að greiða 60.000 krónur fyrir vottun bifreiðarinnar fyrir markað í Evrópu sem honum hafi ekki verið greint frá fyrir kaupin. Sóknaraðili segir að í vottorðinu komi aðeins fram staðlaðar upplýsingar sem hafi fylgt bifreiðinni frá upphafi, s.s. um stærð og þyngd, sem liggja fyrir án sérstakrar skoðunar. Í vottorðinu eru einnig upplýsingar um að dráttargeta bifreiðarinnar sé 424-680 kg, sem sóknaraðili telur rangt, með vísan til þess að sambærilegar bifreiðar sem innfluttar eru af Heklu megi draga tæplega eitt tonn. Sóknaraðili segir að ekki hafi tekist að fá upplýsingar um dráttargetu leiðrétta í vottorðinu og því sé ekki hægt að breyta skráningunni hjá Samgöngustofu nema með atbeina varnaraðila. Þar af leiðandi hafi útlagður kostnaður sóknaraðila að fjárhæð 115.000 krónur, við að setja dráttarkrök á bifreiðina, verið til einskis. Sóknaraðili krefst þess að fá 60.000 krónur endurgreiddar vegna greiðslu fyrir vottorðið.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili segir að finna megi ýmsar rangfærslur í kvörtun sóknaraðila. Að sögn varnaraðila fylgir ferðahleðslukapall af gerðinni AC 110-120V með bifreiðum af sömu gerð og bifreið sóknaraðila. Varnaraðili bendir á að þegar slíkir kaplar berist með bifreiðum til Íslands séu þeir sendir af hálfu varnaraðila til sérfræðinga sem kanna hvort unnt sé að breyta kaplinum fyrir íslenskan straum, sem feli í sér að skipta um kló og yfirleitt einnig breytingu á búnaði inni í tækinu. Breytingin sé oftast möguleg en stundum ekki, líkt og raun varð í tilviki sóknaraðila. Þegar svo er kveðst varnaraðili ekki afhenda tækið þar sem hann telji ekki öruggt að nota það auk þess sem það geti valdið tjóni á

bifreiðinni, enda aðeins ætlað til notkunar í Bandaríkjunum. Þá segist varnaraðili frekar mæla með notkun heimahleðslustöðvar þar sem það sé öruggara til hleðslu en ferðahleðslutæki sem hafi valdið bruna bæði hér á landi og erlendis. Mannvirkjastofnun hafi til að mynda gefið út viðvaranir og leiðbeiningar um hleðslu rafbifreiða eftir bruna tveggja bifreiða hér á landi. Í kjölfar þess að sóknaraðili sendi kvörtun til kærunefndarinnar kveðst varnaraðili hafa sent ferðahleðslukapalinn til lögmanns sóknaraðila ásamt bréfi þar sem varnaraðili kveðst afhenda tækið á ábyrgð lögmannsins. Lögmaður sóknaraðila hafi hins vegar neitað að taka við tækinu.

Varnaraðili bendir á að hvergi komi fram í samskiptum við sóknaraðila að hann hafi óskað eftir sóllúgu eða gert sóllúgu að skilyrði við leit að bifreið. Þegar beiðni er send varnaraðila um leit að bifreið, í gegnum vefsíðu varnaraðila, er að sögn varnaraðila hægt að merkja við ef óskað er eftir sérstökum búnaði bifreiðarinnar líkt og sóllúgu. Sóknaraðili hafi ekki merkt við þann búnað og ekki hafi verið rætt um sóllúgu í samskiptum við sóknaraðila. Þá bendir varnaraðili á að sóllúga sé ekki skilgreind sem búnaður bifreiðarinnar í gögnum vegna kaupanna auk þess sem sýnilegt sé á mynd af bifreiðinni, sem send hafi verið sóknaraðila, að ekki sé sóllúga á henni. Þá tekur varnaraðili fram að fyrirvari sé gerður í póstinum sem fór með tilboðinu til sóknaraðila og með kaupsamningnum þar sem segir: „Upplýsingarnar eru frá erlendum seljanda með fyrirvara um villur. Yfirleitt hafa slíkar lýsingar á bíl og búnaði reynst fullnægjandi. Islandur tekur ekki ábyrgð á einstaka villum eða frávikum. Sé aukabúnaður skilyrði má biðja um staðfestingu að sá búnaður sé til staðar áður en gengið er frá kaupum erlendis.“ Varnaraðili bendir einnig á að krafa sóknaraðila að fjárhæð 500.000 krónur sé ekki rökstudd. Bifreiðin hafi verið seld sóknaraðila á 3.690.000 krónur en á þeim tíma hafi verið útilokað að finna sambærilega bifreið á því verði hér á landi.

Varnaraðili tekur fram að bifreiðin hafi verið framleidd fyrir markað í Bandaríkjunum og geti því verið frábrugðin bifreiðum af þessari gerð sem framleiddar eru fyrir markað í Evrópu. Það sé því gerð krafa af hálfu íslenskra yfirvalda um framvísun tæknivottorðs við innflutning bifreiða til Evrópu frá Bandaríkjunum svo bifreið verði skráð hér á landi. Slíkt vottorð er ekki staðlað að sögn varnaraðila og er gefið út af einni virtustu stofnuninni á þessu sviði í Þýskalandi. Töluverð vinna sé lögð í slíkt vottorð þar sem sérfræðingar Evrópuvottunar fari yfir allar upplýsingar um bifreiðina og gefi svo út vottorð á grundvelli þeirra. Vottorðið beri svo að afhenda Samgöngustofu. Þá segir varnaraðili að verð slíkra vottorða séu á sambærilegu verði hjá flestum aðilum á þessu sviði.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum tekur sóknaraðili fram að honum hafi verið veittar upplýsingar símleiðis um að bifreiðin væri með sóllúgu. Þegar tilboðið barst segir sóknaraðili að ekki hafi fylgt mynd af bifreiðinni. Sóknaraðili bendir á að verulegur verðmunur sé á bifreiðum eftir því hvort þær eru með sóllúgu eða ekki, þó sóknaraðili segi muninn ekki koma fyllilega í ljós fyrr en bifreiðin verður seld. Telur sóknaraðili þó fyrirsjáanlegt að munurinn sé um 500.000 krónur. Þá bendir sóknaraðili á að raunverulegt kaupverð bifreiðarinnar, að meðtöldum gjöldum, hafi verið 3.782.645 krónur. Sóknaraðili bendir á að skráning á dráttargetu bifreiðarinnar í vottorðinu skerði notkunargildi bifreiðarinnar verulega þar sem skráningin heimili varla meira en að draga tóma kerru. Varnaraðili hafi ekki veitt sóknaraðila skýringu á þessari skráningu. Sóknaraðili bendir einnig á að varnaraðili hafi fullyrt þann 7. janúar árið 2020 að hann hafi fargað kaplinum sem fylgdi bifreiðinni. Sá kapall sem varnaraðili hafi ætlað að afhenda lögmanni sóknaraðila í september árið 2020 geti því ekki verið sá kapall sem fylgdi bifreiðinni.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum ítrekar varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki gert kröfu um að bifreiðin væri með sóllúgu í símtali við starfsmann varnaraðila. Meðfylgjandi athugasemdum sínum sendir varnaraðili upptöku af tveimur símtölum starfsmanna varnaraðila við sóknaraðila. Þá segir varnaraðili að fullyrðingar sóknaraðila um tjón að fjárhæð 500.000 krónur við sölu á bifreiðinni standist ekki. Varnaraðili bendir á að um eitt ár sé nú liðið frá því bifreiðin var pöntuð og aðeins séu um fjórar sambærilegar bifreiðar til sölu hér á landi. Ódýrasta útgáfa bifreiðarinnar, með tauáklæði og lítinn hluta af þeim búnaði sem er í bifreið sóknaraðila, sé til sölu á 3.990.000 krónur. Þá bendir varnaraðili á að öll tilboð fyrirtækisins séu með mynd af bifreiðinni og þar á meðal tilboðið til sóknaraðila. Þá segir varnaraðili að kapallinn, sem sendur var lögmanni sóknaraðila, sé frá þessari bifreið frá Bandaríkjunum og ítrekar að varnaraðili telji ekki rétt að nota kapalinn, enda sé ekki unnt að breyta honum svo nota megi með tengingu við rafmagn hér á landi.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) gilda um sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. nkpl. er umboðsmaður seljanda samábyrgur seljanda, nema neytanda hafi verið bent sérstaklega á að umboðsmaðurinn sé aðeins milliliður og ekki samábyrgur seljandanum. Samábyrgðin gildir ekki þegar seljandi sjálfur annast sölu.

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni Mitsubishi Outlander, árgerð 2018, frá Bandaríkjunum í gegnum varnaraðila. Fyrir kaupin gerði sóknaraðili samning við varnaraðila. Í samningnum kemur fram að varnaraðili hafi tekið að sér að aðstoða sóknaraðila við að „finna bifreið til sölu erlendis og gerast milliliður um kaup og afgreiðslu á þeirri bifreið sem valin er án samábyrgðar með seljanda eða framleiðanda.“ Þá segir í skilmálum kaupsamningsins að varnaraðili komi fram sem umboðsmaður kaupanda í viðskiptunum.

Af fyrirliggjandi gögnum vegna kaupa á bifreiðinni verður ekki annað séð en að varnaraðili hafi komið alfarið fram sem seljandi bifreiðarinnar gagnvart sóknaraðila í stað eiganda bifreiðarinnar, sem hvergi er greint frá í samningsgögnum. Varnaraðili hefur ekki orðið við beiðni kærunefndarinnar um framlagningu gagna vegna kaupa á bifreiðinni af ótilgreindum aðila í Bandaríkjunum fyrir hönd sóknaraðila. Varnaraðili er eini sérstaklega tilgreindi viðsemjandi sóknaraðila vegna kaupanna og innflutnings bifreiðarinnar. Þá barst greiðsla kaupverðsins beint til varnaraðila. Ákvæði laga nr. 48/2003 um neytendakaup gilda því um kaupin eins og hér háttar og telst varnaraðili seljandi bifreiðarinnar í skilningi laganna. Var því um sölusamning að ræða í skilningi laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og krefst greiðslu alls að fjárhæð 560.000 krónur. Þá krefst sóknaraðili endurgreiðslu á þóknun sem hann innti af hendi til varnaraðila fyrir tæknivottorð sem aflað var í tengslum við innflutning bifreiðarinnar. Sóknaraðili greiddi samkvæmt gögnum málsins 59.000 krónur fyrir vottorðið. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Ákvæði 15. og 16. gr. nkpl. mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]“. Í d. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. segir að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. telst söluhlutur haldinn galla ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin. Þá telst söluhlutur einnig haldinn galla ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin, sbr. c. liður 1. mgr. 16. gr. nkpl. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. á regla c. liðar einnig við þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Sóknaraðili krefst greiðslu að fjárhæð 60.000 krónur með vísan til þess að varnaraðili afhenti sóknaraðila ekki ferðahleðslukapall sem hafi átt að fylgja með bifreiðinni. Með bifreiðinni fylgdi hins vegar kapall sem unnt var að nýta í heimahleðslustöð. Af gögnum málsins verður ráðið að samið hafi verið um kaup á bifreiðinni með aukahlutunum „Flex Orkupakki með 1 kapli“. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að við kaup á bifreiðinni hafi sérstaklega verið tekið fram að ferðahleðslukapall skuli eða muni fylgja við afhendingu. Bifreið sóknaraðila var ekki ný og er því ekki unnt að líta svo á að um galla hafi verið að ræða þrátt fyrir að ferðahleðslukapall fylgi almennt við kaup á nýjum sambærilegum bifreiðum samkvæmt handbók framleiðanda. Verður ekki séð að bifreiðin hafi verið haldin galla af þeim sökum að ferðahleðslukapall hafi ekki verið afhentur í skilningi 15. og 16. gr. nkpl.

Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin galla þar sem hún er ekki með topplúgu. Bifreiðinni og aukabúnaði hennar er lýst í kaupsamningsgögnum og þar kemur ekki fram að bifreiðin sé með topplúgu. Sóknaraðili hefur bent á að hann hafi fengið þær upplýsingar frá varnaraðila símleiðis fyrir kaupin að umrædd bifreið væri með topplúgu. Varnaraðili hefur lagt fram upptökur af tveimur símtölum milli sóknaraðila og starfsmanns varnaraðila. Varnaraðili hefur hins vegar ekki orðið við kröfu nefndarinnar um að leggja fram upptöku af því símtali sem sóknaraðili vísar til þess að hafi átt sér stað í aðdraganda kaupanna. Varnaraðili verður að bera hallann af því að hafa ekki afhent upptökur sem sýna fram á hvað fór aðilum á milli varðandi þann bíl sem sóknaraðili keypti, þrátt fyrir áskoranir.

Með hliðsjón af framangreindu er fallist á það með sóknaraðila að hin afhenta bifreið hafi ekki verið í samræmi við samning aðila í skilningi 1. mgr. 15. gr. nkpl. eða í samræmi við upplýsingagjöf varnaraðila, sbr. c. liður 1. mgr. 16. gr. nkpl. Líta verður á kröfu sóknaraðila sem kröfu um afslátt af kaupverðinu. Samkvæmt 31. gr. nkpl. skal afsláttur reiknaður þannig að hlutfallið milli hins lækkaða verðs og samningsverðsins svari til hlutfallsins milli verðgildis hlutarins í gölluðu og umsömdu ástandi á

afhendingartíma. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram gögn sem styðja við þá fullyrðingu að gallinn svari til afsláttar að fjárhæð 500.000 krónur. Nefndin metur afslátt að álitum að fjárhæð 200.000 krónur.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu fyrir útgáfu tæknivottorðs sem gefið var út vegna flutnings bifreiðarinnar frá Bandaríkjunum til Evrópu. Hefur sóknaraðili bent á að honum hafi ekki verið veittar upplýsingar um að hann þyrfti að greiða slíkt gjald, að vottorðið sé staðlað án sérstakrar skoðunar á bifreiðinni, svo og að skráning burðargetu bifreiðarinnar sé röng í vottorðinu.

Í samningi sóknaraðila og varnaraðila vegna þjónustu og kaupa á bifreiðinni er greint frá skilmálum varnaraðila. Í 9. gr. skilmála kaupsamningsins segir að til viðbótar kaupverðinu greiði kaupandi „útlagðan kostnaði við skráningu bifreiðar á Íslandi, TUV vottorð, númeraplötur, bifreiðaskoðunargjald, bifreiðagjöld [...]“. Þá er einnig greint frá gjaldinu á heimasíðu varnaraðila. Er því ekki unnt að líta svo á að varnaraðili hafi ekki veitt sóknaraðila upplýsingar um greiðslu gjaldsins.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja, nr. 751/2003, með áorðnum breytingum, ber innflytjanda skráningarskylds ökutækis að afhenda Samgöngustofu gögn um ökutækið þegar það er flutt til landsins. Ökutækið skal hafa fengið viðurkenningu í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004, áður en það er skráð. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðis 03.05 er heimilt að gefa út skráningarviðurkenningu fyrir notuð skráningarskyld ökutæki í kjölfar framlagningar fullnægjandi gagna. Með umsókn um skráningarviðurkenningu notaðs ökutækis, sem áður hefur verið skráð í Bandaríkjunum, þarf að fylgja staðfesting eða vottorð frá framleiðanda eða tækniþjónustu um að viðkomandi gerð ökutækis uppfylli ákveðin skilyrði samkvæmt a. lið 3. mgr. ákvæðis 03.05 reglugerðar nr. 822/2004. Tæknivottorðið, útgefið þann 6. desember árið 2019, felur í sér slíka staðfestingu, sem var aflað til þess að fá bifreiðina skráða til notkunar hér á landi. Vottorðið liggur fyrir í málinu og nefnist „Confirmation of conformity for a motor vehicle with the directives of the European Union –EU and the regulations of the UN Economic Commission for Europe -ECE- for export to Iceland“. Með hliðsjón af framangreindu getur kærunefndin ekki fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu vegna öflunar vottorðsins af þeim sökum að um staðlað vottorð sé að ræða.

Í tæknivottorðinu segir að hámarks dráttargeta bifreiðarinnar sé annarsvegar 454 kg. (e. max mass of trailer unbraked) en hins vegar 680 kg. (e. max mass og trailer braked). Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi óskað eftir því að kaupa bifreið sem gæti dregið léttu kerru. Skráð dráttargeta bifreiðarinnar uppfyllir þá kröfu sóknaraðila og er því ekki fallist á að um galla sé að ræða á þeim grundvelli.

Sóknaraðili telur að dráttargeta bifreiðarinnar sé skráð með röngum hætti í vottorðinu og þar af leiðandi einnig hjá Samgöngustofu. Af því leiði einnig að sóknaraðili geti ekki nýtt bifreiðina til að draga kerrur með sama hætti og aðrar sambærilegar bifreiðar. Kærunefndin hefur ekki upplýsingar um forsendur þeirrar skráningar sem framkvæmd var af útgefanda vottorðsins. Getur nefndin því ekki fullyrt hvort upplýsingarnar í vottorðinu séu réttar eða rangar um dráttargetu bifreiðar sóknaraðila. Getur nefndin þar af leiðandi ekki fallist á að bifreiðin sé haldin galla af þeim sökum.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, alls 200.000 krónur. Öðrum kröfum sóknaraðila er hafnað.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson